

**Ná.**

**304. Frumvarp**

til laga um sjerleyfi handa Ottó B. Arnar til þess að reka víðboð (broadcasting) á Íslandi.

Flutningsmaður: Jakob Möller.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita Ottó B. Arnar sjerleyfi til þess að reka víðboð á Íslandi nm næsta 15 ára skeið, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði hlutafjelað til að reka víðboðið, sem hafi ekki minna en 20000 króna hlutafje, og sje að minsta kosti helmingnr hlutafjár boðinn út innanlands í 6 mánnði.
2. Að víðboðsstöðin verði svo sterk, að hún nái nm land alt.
3. Að ríkisstjórnin geti gefið út reglungerð um rekstnr víðboðsins, þar sem tekið sje fram, hvaða viðtöknæki megi nota og hver ekki, og að gjaldskrá fyrir þau eða leigu af þeim sje staðfest af ríkisstjórninni.
4. Að ríkið eigi kauparjett að stöðinni eftir 15 ár fyrir virðingarverð hennar.
5. Að byrjað sje á viðboðinn áðnr en 24 mánnðir sjen liðnir frá staðfesting laga þessara.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða i leyfisbrjefinu:

1. Að samfara víðboðssjerleyfinn fylgi einkarjettnr til þess að flytja inn, smiða og selja eða leigja loftskeyta-viðtöknæki, eftir gjaldskrá, sem ráðnneytið samþykkir, og að enginn megi nota önnur tæki til viðtöku en þau, sem viðboðsfyrirtækið útvegar eða teknr gild. Undanskilin frá þessu sjeu þó viðtöknæki, sem fylgja heilum loftskeytastöðvum, og eins þan viðtöknæki, sem ríkisstjórnin þarf til notknnar á stöðvnm sinnm.
2. Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá sima, sem nanðsynlegir þykja, frá ýms-um stöðnm hjer í bænum (alþingishúsinu, dómkirkjunni, leikhúsinu o. fl.) til víðboðsstöðvarinnar.
3. Að leyfishafa sjeu gefnar frjálssar hendur með að gera loftskeytaflraunir, er miða til framfará á þessn sviði, með því sjálfsgða skilyrði, að þær trnfi ekki nje komi i bága við almenn loftskeytavíðskifti.

4. Að leyfishafa sje leyft að nota þá öldulengd til viðboðsins, er hentugust þykir, þó með þeim fyrirvara, sem tilgreindur er í næstu grein hjer á undan.
5. Að viðboðsfyrirtækið verði fyrstu fimm árin undanþegið frá greiðslu opinberra skatta og gjalda.
6. Að hannað sje með reglugerð *óþarfa* sending frá loftskeytastöðvum þann tíma dags, sem viðboðsstöðin starfar.
7. Að heimilt sje að framselja sjerleyfið öðrum í hendur, en slíkt framsal sje háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

#### Greinargerð.

Í öllum menningarlöndum er nú verið að koma á viðboði fyrir frjettir, allskonar fræðslu og »músík«. Þar sem það er komið á og búið að fá nokkra reynslu, er iátið mjög mikið yfir því, og fer notendum þess dagfjólíandi. Mætir menn og málsmetandi telja þýðingu þess í framtíðinni ómetanlega, og ber öllum saman um, að þar sje á ferðinni afarmerkilegur menningarauki.

Hjer á landi er ekki síður þörf á góðu viðboði en annarsstaðar, nema frekar sje, en sökum hins erfiða fjárhagsástands hjá ríkissjóði er ríkinu ókleift að leggja í slíkt fyrirtæki sem þetta, og fyrirsjáanlegt er, að allmörg ár muni líða áður en fjárhagur ríkisins leyfir það. Virðist það því heppileg lausn á þessu nauðsynjamáli, að veita einstaklingi sjerleyfi til þess háttar rekstrar, þó með ýms-um skilyrðum, sem talin eru í lögafrumvarpi því, er um þetta fjallar. Að sjerleyfistímanum loknum hefir ríkið kauporjett að fyrirtækinu og getur þá tekið reksturinn að sjer með mikilli og dýrmætri reynslu að baki þess.

Bæði stofnkostnaður og rekstrarkostnaður verður nokknð mikill, en þar sem afnotagjöldin mega ekki vera svo há, að þau dragi úr notkuninni, má búast við, að fyrstu árin verði fjárhagslega erfið fyrir fyrirtækið. Þykir því sanngjarnt að verða við þeim tilmælum umsækjandans, að fyrirtækið sje undanþegið skattgreiðslu fyrstu fimm árin, enda verður það eini styrkurinn, sem það fær hjá því opinbera.